



Vinsamlegast veltu fyrir þér eftirfarandi

Áður en

að þú ræður til þín starfsmenn erlendis frá

Hugaðu að...	* Aðgerðir	
Ráðgjöf og skipulag	Atvinnumiðlun á staðnum	Áður en þú leitar eftir umsækjanda erlendis hafðu samband við opinbera atvinnumiðlun nær þér til að ræða um ráðningarþarfir. Þeir kynnu að geta fundið hentugan umsækjanda nær þér.
	Að undirbúa yfirlit um umsækjanda	Hvaða starfshæfni, sérstöku hæfileikar og færni þarf starfsmaðurinn að hafa?
	Gerðu áætlun	<i>Ef þú ákveður að ráða mann til starfa frá útlöndum,</i> Gerðu frumdrátt að markmiði, kostum, áhættu og kostnaði við að ráða erlendis. Finndu út hvenær eru síðustu forvöð að ráða mann þar sem það getur tekið lengri tíma að finna umsækjanda á alþjóðlegum vettvangi.
	Hafðu samband við viðeigandi yfirvöld. <i>(Útlendingastofnun eða svipuð þjónusta í þínu landi)</i>	Þarftu að taka einhver viðbótarskref til að ráða útlending? Þurfa þeir að skrá sig sér eða borga einhver gjöld? Fyrir erlendan starfskraft sem koma frá ákveðnum löndum er nauðsynlegt að hafa vinnuleyfi.
Praktískar ráðstafanir	Húsnæði / Gisting	Íhugaðu hvaða praktísku ráðstafanir nýr erlendur starfsmaður þarf að gera til að finna gistingu eða húsnæði. Er til gisting á staðnum? Hvernig finnur maður gistingu og hvað kostar hún? Getur þú veitt starfsmanninum aðstoð eða ráðgjöf?

Hugaðu að...	* Aðgerðir	
Tungumála-, menntunar- og menningarlegir þættir.	Tungumálaerfiðleikar	Íhugaðu hvaða tungumálhæfni umsækjendurnir þurfa að hafa. Ef þeir hafa ekki gott vald á málinu en koma samt til greina fyrir starfið, þá ættir þú að íhuga vandlega hvernig þú munt eiga í samskiptum við þá. Umsækjandinn gæti átt sérstaklega erfitt með að fara í símaviðtal.
	Mismunur í löndum	Landslög eru mismunandi í ólíkum löndum og það gæti verið erfiðari í sumum löndum en öðrum að ráða starfsfólk. Til að mynda gætir þú þurft að skrá þig sérstaklega ef þú ert fulltrúi fyrir atvinnumiðlun. Kynntu þér hvort einhverjar stjórnsýsluhindranir séu til staðar áður en þú ræður starfsmann.
	Menningarlegur mismunur	Ráðningarvenjur eru mismunandi eftir löndum, sömuleiðis samskipti milli umsækjanda og atvinnurekanda. Ef hegðun umsækjanda er öðruvísi en þú átt að venjast, þá gæti aðeins verið um menningarlegan mismun að ræða. Ekki láta það hafa áhrifa á ákvörðun þína, einbeittu þér að hæfileikum þeirra og getu í staðinn.
	Starfshæfni	Umsækjendur fyrir starf í lögbundinni starfstétt þurfa að skrá sig hjá viðeigandi yfirvaldi til að tryggja að rétt starfshæfni sé til staðar. ENIC-NARIC netið (vinsamlegast athugið www.enic-naric.net) er gáttin að viðurkenningu á akademískri menntun, sem og fag- og starfshæfni í Evrópu.
...EES-vinnumiðlun hjálpar þér.	<p style="text-align: center;"><i>Eftir að hafa íhugað undangengin atriði,</i></p> <p>Hafðu samband við EES-vinnumiðlunar ráðgjafann nálægt þér. <i>(Vinsamlegast athugið hlekkinn "Contact a Eures Advise" í EES-vinnumiðlunar gáttinni)</i></p> <p>Ef þú þarft ráð um hvernig eigi að ráða starfsfólk frá útlöndum, þá geturðu fengið frekari upplýsingar hjá EES-vinnumiðlunar ráðgjafa nálægt þér. Hafðu sambandi við EES-vinnumiðlunar ráðgjafa á þínum stað - Hann/hún getur tengt þig við stærra net.</p>	